



Velferðarráðuneytið
Lára Björnsdóttir, sérfræðingur
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík 24. október 2011

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur fengið til umsagnar leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum og kemur hér á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

4. gr. Undanþágur

Kveða má skírar á um möguleika á undanþágum sem eiga að vera fyrir hendi. Sem dæmi má nefna að það hefur, í einstaka tilvikum, verið erfiðleikum bundið fyrir fatlað fólk sem á bíl að fá samþykki til að nýta sér ferðapjónustu fatlaðs fólks. Sérstaklega á þetta við um þá sem hafa fengið styrk frá Sjúkratryggingum Íslands til kaupa á bílum. Ófatlað fólk getur nýtt sér almenningsamgöngur ef bíllinn bilar, ef um mikla ófærð er að ræða sökum veðurs eða ef viðkomandi sér sér ekki fært að keyra um einhvern tíma.

5. gr. Gjaldtaka

Í þessari grein þarf að setja viðmið fyrir þau svæði sem bjóða ekki upp á almenningsamgöngur.

6. gr. Ferðir út fyrir mörk sveitarfélags

Tryggja þarf að fatlað fólk geti ferðast á milli nærliggjandi sveitarfélaga, einnig í einkaerindum. Strætisvagnar Reykjavíkur keyra til dæmis bæði til Akraness og Selfoss og fatlað fólk á að njóta sömu réttinda og ófatlaðir við að komast á milli þessara staða á sömu kjörum.

7. gr. Ferðir innan Norðurlanda

Vel er að fatlað fólk geti nýtt sér ferðapjónustu í höfuðborgum annarra Norðurlanda. Tryggja þarf að fatlað fólk geti einnig nýtt sér ferðapjónustu í öðrum sveitarfélögum

hér innanlands en þar sem það á lögheimili, en það hefur ekki verið möguleiki hingað til.

8. gr. Þjónustubættir og þjónustustig

Í annarri málsgrein 8. gr. er fjallað um að skoða beri markmið einstaklingsins hvað varðar atvinnu, nám og tómsundur og hvaða þarfir hann hefur fyrir ferðaþjónustu til að ná þeim markmiðum. ÖBÍ telur að hér þurfi einnig að líta til markmiða fólks hvað einkalíf varðar, þannig að fötluðu fólki sé auðveldað að heimsækja ættingja og vini og ná markmiðum sínum hvað einkalíf varðar.

9. gr. Annars konar ferðaþjónusta

Samkvæmt þessari grein geta sveitarfélög gert einstaklingsbundna samninga við starfsfólk um að það aki bifreið sinni í þágu fatlaðs einstaklings. Foreldrar taka að sér, í sumum tilvikum, þar sem ekki er boðið upp á ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, að sjá um akstur fyrir barnið sitt. Nauðsynlegt er að ráðuneyti gefi út viðmiðunar taxta hvað greiðslu varðar sem sveitarfélögin geta litið til þegar þau semja við foreldra eða aðra í tengslum við annars konar ferðaþjónustu.

10. gr. Leiðbeiningarskylda og tengd atriði

Í fjórðu málsgrein 10. gr. er þess getið að svara skuli umsókn um ferðaþjónustu eins fljótt og auðið er og í öllum tilvikum innan sex vikna frá því að hún er lögð fram. ÖBÍ telur að stytta þurfi þetta ferli allavega niður í fjórar vikur.

Annað

Í fimmtu málsgrein, a liðar 3. greinar er rætt um réttargæslumenn, en rétt heiti þeirra er réttindagæslumenn. Það sama á við um sjöundu málsgrein 8. gr. reglnanna.

Niðurlag

Öryrkjabandalag Íslands hvetur ráðuneytið til að taka tillit til ofangreindra athugasemda, við leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Þannig má tryggja betur ákvæði 20. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem þess er getið að aðildarríkin skuli gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst,
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

Guðmundur Magnússon
formaður ÖBÍ

Lilja Þorgeirsdóttir
framkvæmdastjóri ÖBÍ